

Nd.

**267. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um mótak.

Nefndin í samþyktamálinu hefir nú athugað breytingar þær, sem efri deild hefir gert á frumvarpi þessu, og eru þær eiginlega tvær. Sú fyrri, að samþyktarsvæði (í 1. gr.) sje takmarkað við einn hrepp, og hin síðari, að skorða atkvæðisrjettinn í þessum málum (í 2. gr.) við þá eina, sem bæði eru atkvæðisbærir í sveitamálum og jafnframt hafa umráð yfir mótaki.

Þessar breytingar þykja okkur fremur en hitt til bóta, og mælum með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi 15. ágúst 1912.

Ólafur Briem,  
formaður.

Pjetur Jónsson,  
skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.    Sigurður Sigurðsson.    Guðl. Guðmundsson.